



Reykjavík 27. nóvember 2013

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um skýrslu ráðgjafahóps um raforkustreng til Evrópu.  
(Þingskjal 59 – 59. mál. Lagt fram á 143. löggjafarþingi)

Með tölvupósti dags. 12. nóvember 2013 óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs um ofangreinda skýrslu.

Það er hlutverk Ríkisábyrgðasjóðs skv. lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir að meta áhættu ríkissjóðs af ábyrgðum sem hann gengst undir. Ekki er í skýrslu ráðgjafahópsins eða tillögum mótað hverjar skuldbindingar ríkissjóðs yrðu eða hvort eða með hvaða hætti ríkisábyrgð yrði veitt á einhverja þætti verkefnisins. En í formála iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skýrslu ráðgjafahópsins kemur fram sú ósk að stjórnvöld ákvarði síðar með skýrum hætti næstu skref í málinu.

Það verða því ekki á þessu stigi gerðar sérstakar athugasemdir við skýrslu ráðgjafahópsins.

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi kafla í skýrslu (drögum) Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif sæstrengs, sem fylgdi skýrslu ráðgjafarhópsins. Þar segir á bls. 32:


*„Framkvæmdir innlendra raforkufyrirtækja á Íslandi hafa í flestum tilfellum verið fjármagnaðar með ábyrgð eigenda fyrirtækjanna, sem hafa verið ríki eða sveitarfélög. Vænta má að ábyrgðinni hafi fylgt betri lánskjör heldur en ella. Ef nýframkvæmdir í tengslum við sæstreng, þ.e. vegna nýrra virkjana og endurbóta á flutningskerfi, verða með sama fyrirkomulagi má segja að stjórnvöld hafi skuldbundið sig til þess að ábyrgjast lántöku nýframkvæmdanna með tilheyrandi áhættu. Möguleikinn á að reynt geti á ábyrgðina kann að leiða til þess að áhættuálag á lán íslenska ríkisins hækki sem leiðir af sér kostnað fyrir íslenska skattgreiðendur. Á móti kemur að raforkufyrirtæki þurfa að greiða gjald, svonefnt ábyrgðagjald, til hins opinbera, sem ætlað er að mæta væntum útgjöldum hins opinbera vegna ábyrgðanna. Ef þetta gjald endurspeglar þá auknu áhættu sem hið opinbera verður fyrir vegna ábyrgðanna eru áhrif ábyrgðanna hverfandi á þjóðhagslegan ábata verkefnisins. Hins vegar, ef gjaldið endurspeglar ekki þessa áhættu, hlýst af því þjóðhagslegur kostnaður.“*

Skýrsluhöfundar taka fram að ekki sé lagt mat á þennan þátt í skýrslunni og nauðsynlegt sé að ráðast í frekari rannsókn til þess að fá nákvæmara mat á áhrifum ábyrgða hins opinbera á lánskjör þess og þjóðhagslegan kostnað.

Þess má geta að lokum að skv. 2. gr. nefndra laga um ríkisábyrgðir er skylt að fyrir liggja umsögn Ríkisábyrgðasjóðs þegar frumvarp um veitingu ríkisábyrgðar er lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Ríkisábyrgðasjóður

  
Björgvin Sighvatsson

  
Sigurður G Thoroddsen